

ákærði Viðar greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Viðar Björnsson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði Einar Júlíusson sæti fangelsi í 1 mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði Aðalstöðinni h/f kr. 276.182 óskipt, en ákærði Viðar einn kr. 15.836.

Ákærði Viðar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 23. september 1980.

Nr. 36/1980. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Jóhannesi Kristjánssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, viðurkennir ákærði að hafa neytt nokkurs áfengis um 3 klukkustundum áður en hann hóf akstur laugardaginn 27. ágúst 1977. Samkvæmt framburðum vitna, sem getur í héraðsdómi, var hann

með áfengisáhrifum, er þau komu að bifreið hans. Eftir það kveðst ákærði hafa fært bifreiðina úr vegarkantinum og á þann stað utan vegar, þar sem hún var, er lögreglumenn komu að henni. Að þessu loknu kveðst ákærði hafa neytt áfengis, sem í bifreiðinni hafi verið, en magn alkóhóls í blóði hans reyndist vera 2.21‰.

Pegar virt eru sakargögn, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi við akstur bifreiðarinnar frá Böðmóðsstöðum og að þeim stað, þar sem hann var handtekinn, verið með áhrifum áfengis. Ekki verður þó niðurstaða blóðrannsóknar um vínandamagn í blóði ákærða lögð til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum í máli þessu, en eigi er upplýst, hve mikils áfengismagns hann kann að hafa neytt, eftir að akstri hans lauk og þar til hann var handtekinn.

Varðar brot ákærða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en ákvæði 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, samtals 180.000 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa í héraði. Það er aðfinnsluvert, að vitni voru ekki látin staðfesta framburði sína, og lögreglumenn þeir, er afskipti höfðu af ákærða, komu ekki fyrir dóm.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Jóhannes Kristjánsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 180.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 11. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 126/1979: Ákærvaldið gegn Guðmundi Jóhannesi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms hinn 3. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 14. mars 1978, gegn ákærða, Guðmundi Jóhannesi Kristjánssyni deildarstjóra, Barmahlíð 20, Reykjavík, fæddum 11. júní 1911 á Sveinseyri í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, „fyrir að aka laugardaginn 27. ágúst 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6752 frá Böðmóðsstöðum í Laugardal í Árnessýslu áleiðis að Laugarvatni, þar til bifreiðin lenti út af vegi skammt frá Neðra-Apavatni í Grímsnesi, en þegar lögreglan kom þar að, var ákærði undir stýri bifreiðarinnar með aflvél hennar í gangi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Laugardaginn 27. ágúst 1977, kl. 1455, var tilkynnt til lögreglunnar í Árnessýslu um ölvaðan ökumann á bifreiðinni R 6752, sem væri utan vegar skammt sunnan við Neðra-Apavatn í Grímsnesi í Árnessýslu. Tilkynnendur voru Hafsteinn Jónsson, Silfurtúni, Stokkseyri, Árnessýslu, og Einar Jóhannsson, Sólheimum 23, Reykjavík.

Er lögreglan kom á staðinn, var bifreiðin R 6752 á grasflöt utan

vegar, og var vél hennar í gangi. Undir stýri sat ákærði, Guðmundur Jóhannes Kristjánsson, og var hann að mati lögreglunnar ölvaður. Einnig var í bifreiðinni Páll Þórhallsson, Hagamel 42, Reykjavík.

Lögreglan flutti ákærða og Pál á lögreglustöðina á Selfossi svo og bifreiðina R 6752. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra kvaðst ákærði hafa lagt af stað frá Böðmóðsstöðum í Laugardal um kl. 1400, en hafa drukkið $2\frac{1}{2}$ ml af Kláravíni, blandað bjór, á tíma-bilinu frá kl. 1000 til 1200. Þá kvaðst ákærði hafa drukkið „smá-sopa“ af Kláravíni, eftir að akstri lauk.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 1745, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar var magn alkóhóls í blóði hans 2.21%.

Samkvæmt skýrslum ákærða, sem hann gaf hjá lögreglunni í Reykjavík þann 24. nóvember 1977 og fyrir dómi þann 15. júní 1978 og sem eru efnislega samhljóða í öllum aðalatriðum, drakk hann tvö glös af Whisky að kvöldi þess 26. ágúst 1977, en fór að sofa um kl. 2230 til 2300. Næsta morgun, um 3 klst. áður en ákærði hóf akstur, drakk hann lítið eitt af pilsner, blönduðum Kláravíni, en fann ekki til neinna áfengisáhrifa af því.

Um kl. 1400 fór ákærði á bifreið sinni, R 6752, frá Böðmóðsstöðum í Laugardal ásamt Páli Þórhallssyni að Laugarvatni, en síðan áleiðis að Selfossi. Skammt frá Neðra-Apavatni í Grímsnesi lenti bifreið ákærða út af veginum vegna hvassviðris og sat þar föst. Ákærði kvað bifreið hafa komið þarna að og hafi ökumaður hennar reynt að aðstoða ákærða og Pál við að ná bifreiðinni úr vegarkantinum, en án árangurs og hafi hann farið við svo búið.

Ákærða og Páli tókst að ná bifreiðinni hjálparlaust úr vegarkantinum. Taldi ákærði bifreið sína hafa skemmst við útafaksturinn og hafi hann tekið þá ákvörðun að skilja hana eftir á nærliggjandi afleggjara, en fá far til Selfoss með bifreiðum, sem ættu leið um.

Ákærði kvað þá Pál hafa verið blauta og kalda og hafi þeir beðið í bifreiðinni og haft vél hennar í gangi og miðstöðina á.

Eftir að hafa komið bifreiðinni fyrir kvaðst ákærði hafa drukkið mestallt úr vodkapela, sem var í bifreiðinni, og hafi hann ekkert ekið henni, eftir að hann hóf áfengisneysluna. Biðu þeir Páll í bifreiðinni nokkra stund, áður en lögreglan kom, en ákærði fór þó tvisvar út til að huga að skemmdum á bifreiðinni. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa fyrr en eftir komu lögreglunnar.

Vitnið Páll Þór Skúli Þórhallsson læknir, fæddur 15. júní 1935, var yfirheyrð hjá lögreglunni í Reykjavík þann 25. nóvember 1977 og í dómi þann 30. janúar sl., og staðfesti það þá skýrslu sína fyrir lögreglu í öllum aðalatriðum.

Vitnið hefur skýrt svo frá, að það hafi verið við veiðar ásamt ákærða skammt frá Böðmóðsstöðum þann 26. ágúst 1977 og hafi þeir báðir neytt áfengis og ákærði verið undir áfengisáhrifum, en hann hafi farið snemma að sofa um kvöldið. Næsta morgun hafi þeir haldið til veiða á ný og vitnið þá neytt áfengis, en vissi ekki til, að ákærði neytti áfengis þá.

Um hádegisð hafi þeir ákærði farið saman í bifreiðinni R 6752, sem ákærði ók, fyrst að Laugarvatni, en síðan áleiðis að Selfossi, en skammt frá Neðra-Apavatni hafi bifreiðin lent út af veginum. Virtist vitninu bifreiðin renna út af veginum og hafi ákærði þá bakkað henni út í moldarflag, sem þar var, og hafi bifreiðin tekið niðri þar. Vitnið sagði, að hvasst hefði verið og rigning.

Vitnið kvað þá ákærða hafa reynt að losa bifreiðina, en það ekki tekist, fyrr en þeim barst aðstoð manns, sem átti leið þarna um. Eftir að bifreiðin losnaði, hafi ákærði tekið þá ákvörðun að skilja hana eftir, þar sem hann taldi, að hún hefði skemmst við útafaksturinn, og fá far með bifreiðum, sem ættu leið um. Þeir hafi setið inni í bifreiðinni, ákærði undir stýri hennar og haft vél hennar í gangi og miðstöðina á, enda báðir orðnir blautir og kaldir.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu sagði vitnið, að þegar það ætlaði að taka áfengispela, sem var í bifreiðinni, hafi það séð, að mikið hafði minnkað í honum, og hafi það vitað, að ákærði hefði drukkið úr honum, eftir að hann ók bifreiðinni, enda þótt vitnið sæi hann ekki gera það.

Fyrir dóminum bar vitnið, að það hefði neytt áfengis, er þeir biðu í bifreiðinni, en taldi sig ekki fært um að segja til um áfengisneyslu ákærða vegna þess, að það var sjálft undir áfengisáhrifum. Vitnið gat þess einnig, að verið gæti, að í pelanum hefði verið spíritus, ætlaður til sótthreinsunar, en ekki vissi það, hve sterkur hann var.

Vitnið sagði, að fólk hefði komið þarna að í bifreið, áður en tekist hafði að losa bifreiðina úr vegarkantinum, og hafi það rætt við ákærða. Sagði vitnið, að ákærði væri að jafnaði óskýrmæltur og ókunnugir kynnu að telja hann ölvaðan, enda þótt svo væri ekki. Taldi vitnið, að þetta fólk kynni að hafa hvatt til lögreglu.

Vitnið sagði, að þær tvær bifreiðar, sem komu að, þar sem bifreið ákærða var, hafi komið, áður en tekist hafði að losa bifreiðina, og hafi þeir ákærði þess vegna ekki óskað eftir fari með þeim.

Vitnið Hafsteinn Jónsson kom fyrir dóminn þann 13. febrúar sl. Það kvaðst hafa verið á leið að Laugarvatni í bifreið sinni þann 27. ágúst 1977. Er það átti skammt eftir ófarið, mætti það bifreið, sem ók eftir miðjum veginum, og gat vitnið naumlega vikið frá henni, er bifreiðarnar mættust. Um 20—30 mínútum síðar, er vitnið var að koma frá Laugarvatni aftur ásamt Þorkeli Bjarnsyni, sá það fyrirnefnda bifreið að öllu leyti utan vegar skammt frá þeim stað, er bifreiðarnar mættust áður, og virtist hún hafa farið út af á leið til Laugarvatns, þar sem framendi hennar sneri í þá átt.

Vitnið kvað tvo menn hafa verið við bifreiðina, og lá annar þeirra og virtist hafa dottið út úr bifreiðinni bifreiðarstjóramegin, en hinn stumraði yfir honum. Kvaðst vitnið hafa gengið til mannanna og taldi Þorkel einnig hafa komið út úr bifreiðinni. Vitnið talaði við þann mannanna, sem stóð, og spurði, hvort eitthvað væri að, en hann sagði, að allt væri í lagi. Skildist vitninu, að sá mannanna, sem lá, hefði misst gleraugu sín og væri að leita að þeim. Ekki vissi vitnið, hvor mannanna var eldri, og ekki veitti það heldur athygli, hvort vél bifreiðarinnar var í gangi.

Vitnið kvaðst hafa álitnið, að báðir mennirnir væru drukknir, og dró þá ályktun af ástandi mannsins, sem lá, og framkomu hins. Ekki fann vitnið áfengislykt af mönnunum.

Vitnið bauð mönnunum aðstoð sína, en þeir þáðu hana ekki, og hélt vitnið þá áfram ferð sinni og skýrði lögreglunni á Selfossi frá bifreiðinni og mönnunum, en Þorkell hafði skráð hjá sér númer bifreiðarinnar.

Vitnið sagði, að ausandi slagveður hefði verið þennan dag.

Vitnið Einar Magnús Jóhannsson kom fyrir dóminn þann 15. mars sl. Kvaðst það hafa verið með konu sinni og dóttur á leið um Laugardal þann 27. ágúst 1977, er það ók fram á bifreið utan vegar við Neðra-Apavatn. Sagði vitnið, að bifreiðin hefði hallast, og taldi það hættu á, að hún gæti oltið, en bifreiðin hafði lent út af veginum vinstra megin, þegar ekið er að Laugarvatni, og virtist bifreiðin hafa verið á leið þangað. Vitnið nam staðar og fór út úr bifreið sinni og kannaði aðstæður og talaði við tvo menn, sem voru við bifreiðina í vegarkantinum. Bauðst vitnið til að aðstoða þá við að koma bifreiðinni upp á veginn eða á afleggjara,

sem var skammt frá, en hætti við það, er það varð þess áskynja, að mennirnir hugðust aka bifreiðinni, enda kvaðst vitnið hafa talið þá vera töluvert drukkna. Sagði vitnið, að þeir hefðu báðir verið reikulir í spori og áfengislykt hefði verið af þeim báðum. Vitnið bauðst til að aka þeim að Laugarvatni, en þeir þáðu það ekki.

Um svipað leyti og vitnið kom þarna að, kom einnig önnur bifreið. Talaði vitnið við ökumann þeirrar bifreiðar, sem kom út úr bifreið sinni ásamt einum farþega, og urðu þeir sammála um, að óforsvaranlegt væri, að mennirnir tveir ækju bifreiðinni. Eiginkona vitnisins lagðist einnig gegn því, að bifreiðin yrði dregin upp á veginn, vegna þess hvernig mennirnir tveir voru á sig komnir. Ekki kvaðst vitnið vita nein deili á þessu fólki.

Vitnið Þorkell Bjarnason kom fyrir dóminn þann 15. mars sl. Það kvaðst telja, að það kynni að hafa verið farþegi í bifreið með Hafsteini Jónssyni umræddan dag, en mundi ekki eftir neinu sérstöku í því sambandi. Það mundi ekki eftir að hafa séð neina bifreið utan vegar í þeirri ferð.

Hinn 16. mars sl. kom fyrir dóminn vitnið Sigríður Guðný Jóhannsdóttir. Kvaðst það hafa verið á leið upp Laugardal ásamt eiginmanni sínum og dóttur umræddan dag. Skammt frá Neðra-Apavatni komu þau að bifreið utan vegar, sem virtist hafa farið út af veginum vinstra megin á leið til Laugarvatns. Við bifreiðina voru tveir menn, og fóru vitnið og eiginmaður þess út úr bifreið sinni og ræddu við þá. Vegna framkomu mannanna kvaðst vitnið hafa talið þá báða ölvaða, enda þótt það fyndi ekki áfengislykt af þeim, en því fannst þeir vera reikulir í spori og óskýrmæltir. Enn fremur fannst vitninu það, sem þeir sögðu, vera hálfgerð rugl, en treysti sér ekki til að hafa neitt eftir þeim. Mennirnir voru rólegir, að sögn vitnisins.

Vitnið sagði, að annað fólk hefði komið þarna að í bifreið og hafi vitnið og eiginmaður þess ráðgast við það um, hvað gera skyldi. Hafi sú ákvörðun verið tekin að aðstoða ekki mennina við að ná bifreið þeirra úr vegarkatninum, þar sem þau töldu hættu á, að þeir kynnu að aka henni eins og þeir voru á sig komnir. Var mönnunum skýrt frá þessari ákvörðun, og tóku þeir henni vel.

Eiginmaður vitnisins bauðst til að aka mönnunum tveimur í bifreið þeirra hjóna, en þeir vildu ekki þiggja það. Héldu þau hjónin þá að Laugarvatni, þaðan sem eiginmaður vitnisins hringdi til lögreglunnar.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt neyslu áfengis að kvöldi hins 26. ágúst 1977 og að hafa drukkið lítils háttar af pilsner, blönduðum Kláravíni, áður en hann hóf aksturinn þann 27. ágúst 1977, en kveðst ekki hafa fundið til neinna áfengisáhrifa. Gegn neitun ákærða þykir ekki verða litið svo á, að hann hafi við aksturinn frá Böðmóðsstöðum og þar til bifreið hans lenti út af veginum við Neðra-Apavatn, verið undir áhrifum áfengis, eins og hann er ákærður fyrir.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi neytt áfengis, eftir að bifreiðin náðist úr vegarkantinum og hann hafði komið henni fyrir, ákveðinn í að skilja hana eftir. Enda þótt vitnið Páll Þór Skúli Þórhallsson hafi ekki treyst sér, er það kom fyrir dóminn, til að segja til um áfengineyslu ákærða, þar sem vitnið var sjálft með áfengisáhrifum umræddan dag, þykir verða að líta svo á, að framburður ákærða hafi nokkra stoð í vætti vitnisins Páls. Er af þeim sökum ekki unnt að leggja niðurstöðu alkóhólrannsóknar til grundvallar í máli þessu.

Vitnin Hafsteinn Jónsson, Einar Magnús Jóhannsson og Sigríður Guðný Jóhannsdóttir hafa öll borið, að ákærði og vitnið Páll hafi virst vera ölvaðir, er þeir voru við bifreiðina í vegarkantinum, og sáu vitnin Hafsteinn og Einar Magnús bæði ástæðu til að tilkynna lögreglunni um ákærða, en ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að vitnin hafi haft um það nein samráð. Með framburðum ákærða og ofangreindra þriggja vitna þykir mega telja fullsannað, að ákærði hafi með því að aka bifreið sinni úr vegarkantinum og þangað, sem hann hugðist skilja hana eftir, gerst brotlegur við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978. Ekki þykja efni til að heimfæra brot ákærða jafnframt undir 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1961 27/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 2/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1973 9/11 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 9/11 1973.

Dómurinn frá 9. nóvember 1973 hefur ítrekunaráhrif á brot

það, sem hér er fjallað um, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að ákvarða refsingu með tilliti til þess.

Brot ákærða var framið, áður en ákvæðum áfengislaga var breytt með lögum nr. 52/1978. Verður honum því ekki ákveðin refsing samkvæmt hinum nýju refsíákvæðum áfengislaga, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 150.000 króna sekt, sem renni til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Jóhannes Kristjánsson, greiði kr. 150.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki verkun þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 50.000.
